

# Skólanámskrá

## *Efnisyfirlit*

Stefna skólans.....	2
Sýn skólans .....	2
Grænfáni.....	2
Hreysti og heilbrigði .....	3
Olweus.....	3
Uppbyggingarstefna.....	3
ART .....	4
Starfshættir .....	4
Fastar hefðir og venjur í skólastarfi.....	4
Nám og kennsla .....	6
Grunnþættir menntunar .....	6
Heimanám við Grunnskóla Fjallabyggðar.....	9
Undanþága frá skólasókn .....	10
Námsmat .....	11
Sjálfsmat.....	13
Sjálfmatsáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar 2015 - 2018.....	13
Áætlanir.....	15
Forvarnarstefna Grunnskóla Fjallabyggðar .....	15
Viðbragðsáætlun vegna óveðurs og ófærðar .....	16
Viðbragðsáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar við áföllum.....	18
Viðbrögð við grun um einelti .....	20
Móttökuáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar.....	21
Öryggis- og slysavarnaáætlun.....	25
Jafnréttisáætlun.....	26

## STARFSEMI SKÓLANS

Frá Jónínu Magnúsdóttur skólustjóra



Skólinn var stofnaður 1. ágúst 2010. Forsenda stofnunar hans er tilurð sveitafélagsins Fjallabyggðar sem varð við sameiningu Ólafsfjarðarkaupstaðar og Siglufjarðarkaupstaðar. Starfsemi skólans byggir á áratugareynslu skólanna í Ólafsfirði og Siglufirði. Eins og allir skólar í landinu byggir skólinn á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Jafnframt höfum við valið að vinna skv. Olweusaráætlun, Grænfána og Uppeldi til ábyrgðar. Við leggjum áherslu á hreysti og heilbrigði í starfi okkar. Þetta má sjá á skólalagatalinu og framboði valgreina.

Skólinn er vinnustaður margra í okkar samfélagi og ennþá fleiri eiga hagsmuna að gæta. Til þess að geta starfrækt góðan skóla þurfa margir að leggjast á eitt. Við eigum gott samstarf við bæjaryfirvöld, fyrirtæki í sveitarfélaginu og ekki síst foreldra sem styðja skólastarfið með ráðum og dád daglega. Hagsmunir nemenda eru ávalt í fyrirrúmi og skólastarf miðað að þörfum þeirra. Það er metnaðarmál starfsfólks skólans að þróa skólastarfið og gera betur til þess að nemendur fái sem allra besta grunnenntun.

## Stefna skólans

### Sýn skólans

Öryggi, vellíðan og gleði í skólastarfi eru þættir sem eru okkur í Grunnskóla Fjallabyggðar mikilvægir. Ef við náum að veita nemendum okkar þessa þrjú þætti eru okkur allir vegir færir til þess að virkja sköpunargleði og rækta hæfileika hvers og eins nemanda. Við viljum sýna nemendum okkar stuðning í námi og gefa þeim færi á samvinnu og samstarfi við aðra nemendur og starfsfólk til þess að þroska samskiptahæfni og vinna gegn hverskyns fordómum. Við leggjum áherslu á að nemendur okkar þjálfist í því að bera ábyrgð á eigin námi og framkomu með jákvæðum uppbyggilegum samskiptum þar sem hegðun, virðing, heiðarleiki og sanngirni eru höfð að leiðarljósi. Við viljum leggja metnað í skólastarfið þannig að nemendur okkar fái góða og fjölbreytta reynslu og menntun. Við vinnum að hreysti og heilbrigði líkama og sálar og í sátt við umhverfi okkar og samfélag.

### Grænfáni

Ein af áherslum nýs skóla er að starfa í sátt við umhverfið og vera „Skóli á grænni grein“. Annar forveri nýs skóla, Grunnskóli Siglufjarðar, hefur flaggað Grænfána í tvö ár og stóðst úttekt Landverndar s.l. vor til að draga Grænfánann að húni til næstu tveggja ára. Það leyfi yfirfærast yfir á nýjan skóla í Fjallabyggð. Nýr skóli flaggar því Grænfánanum fyrstu tvö starfsár sín. Þau ár verða notuð til að innleiða þau vinnubrögð sem þarf til að fá endurtekið leyfi Landverndar og viðurkenningu sem „Skóli á grænni grein“. Strax í upphafi fyrsta starfsárs verður stofnað Grænfánateymi sem er fagteymi og heldur utan um grænfánavinnuna í skólanum.

Nánar er hægt að lesa um Grænfánann og Skóla á grænni grein á heimasíðu [Landverndar](#).

## Umhverfissáttmáli

### Grænfáni í Fjallabyggð 2011

#### Hreysti og heilbrigði

Við Grunnskóla Fjallabyggðar starfar svokallað hreystiteymi. Það vinnur að hugmyndum til að auka hreysti og heilbrigði nemenda og starfsfólks skólans. Teymið kemur hugmyndum að skipulagi hreystidaga á framfæri við kennara og skipuleggur framkvæmd þeirra. Teymið sér um áætlun um framgang verkefnisins á skólaárinu ásamt áformum á næstu árum og kynnir á starfsmannafundi í október. Teymið vinnur jafnframt að forvarnaráætlun skólans í samráði við skólahjúkrunarfræðing og námsráðgjafa.

#### Olweus

Báðir forverar nýs grunnskóla, Grunnskóli Ólafsfjarðar og Grunnskóli Siglufjarðar, hafa unnið gegn einelti í anda Olweusar síðastliðin ár. Nýr grunnskóli hefur það að markmiði að starfa að einurð gegn einelti. Áfram verður unnið í anda Olweusar.

Í byrjun skólaárs verður stofnað fagteymi sem kemur til með að sinna eineltismálum í skólanum og stýra forvarnavinnu og fræðslu innan skólans.

#### Olweusarheimasíðan

#### Uppbyggingarstefna

Í nýjum grunnskóla í Fjallabyggð verður stuðst við starfsaðferðir **Uppeldis til ábyrgðar**. Meginatriðið er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfsstjórn og ýta undir sjálfstraust.

Fagteymi um **Uppeldi til ábyrgðar** verður stofnað í byrjun fyrsta skólaárs og mun það stjórna og halda utan um innleiðingu starfsaðferðinnar.

Unnið hefur verið með starfsaðferðir **Uppeldis til ábyrgðar** í skólum á Íslandi frá haustinu 2000 og eru nú yfir 40 skólar að innleiða þessar aðferðir.

**Uppeldi til ábyrgðar** leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfsstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum.

**Uppeldi til ábyrgðar** hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um

lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn (Texti tekinn af vef Álfþanesskóla).

Sjá nánar um hugmyndir Uppeldis til ábyrgðar í grein í Netlu veftímarits – Rannsóknarstofnun KHÍ <http://netla.khi.is/greinar/2007/003/index.htm> og undir öðrum krækjum.

## **ART**

Grunnskóli Fjallabyggðar hóf innleiðingu á ART (Aggression Replacement Training) haustið 2014 í öllum bekkjum. ART er leið sem gerir börnum og unglingum kleift að fá jákvæða þjálfun í samskiptum. Unnið er markvisst með félagsfærni, sjálfstjórnun og siðferðisþroska barna og unglunga.

## **Starfshættir**

### **Fastar hefðir og venjur í skólastarfi**

Starfsemi skólans byggir á áratugareynslu skólanna í Ólafsfirði og Siglufirði og því eru vissar hefðir og venjur viðhafðar í nýja skólanum. Í nýjum skóla verða einnig til nýjar hefðir og venjur.

### **Hreystidagar**

Nokkrir hreystidagar eru á skólaárinu og er tilgangur þeirra að auka hreysti og heilbrigði nemenda og starfsfólks við Grunnskóla Fjallabyggðar.

### **Norræna skólahlaupið**

Nemendur skólans taka þátt í Norræna skólahlaupinu á hverju ári.

### **Skólahreysti**

Skólahreystikeppni er haldin í Grunnskóla Fjallabyggðar að hausti og fá sigurvegarar í 9. og/eða 10. bekk að keppa í Skólahreystikeppninni á Norðurlandi.

### **Olweusardagur**

Einu sinni á ári er haldinn Olweusardagur þar sem hann er tileinkaður Olweus. Nemendur vinna ýmis verkefni í tengslum við einelti.

### **Uppbyggingardagur**

Einu sinni á ári er haldinn uppbyggingardagur þar sem hann er tileinkaður uppbyggingarstefnunni. Nemendur vinna ýmis verkefni með grunnþarfirnar fimm.

## **Jólafondur**

Nemendur og foreldrar koma saman og fönndra í tilefni af komu jólanna. Jólafondur er að jafnaði í byrjun desember. Nemendur í 7. bekk sjá um kaffisölu og fer ágóðinn í ferðasjóð þeirra.

## **Litlu jól**

Síðasta skóladag fyrir jólaleyfi eru haldin litlu jól í Grunnskóla Fjallabyggðar. Þá mæta nemendur og starfsfólk í betri fötunum og eiga saman hátíðlega stund.

## **Skólablað**

Nemendur í 10. bekk vinna að útgáfu skólablaðsins Snarl. Blaðið er borið út rétt fyrir jólin. Mörg fyrirtæki kaupa auglýsingu í blaðinu og er blaðið ein af fjáröflun 10. bekkjar fyrir óvissuferð að vori.

## **Árshátíð**

Árshátíð yngri deildar er haldin í síðustu vikunni fyrir páska. Allir bekkir í yngri deild eiga atriði á skemmtuninni. Árshátíð eldri deildar er haldin í maí. Nemendur 10. bekkjar stjórna skemmtuninni en allir bekkir í eldri deild koma með skemmtiatriði. Hátíðarmatur er fram borinn. Hver nemandi í 10. bekk má bjóða tveimur gestum.

## **Diskó**

Nemendur 7. bekkjar halda diskó fyrir nemendur í 5.-7. bekk. Diskó er að jafnaði einu sinni í mánuði.

## **Nemendasýning**

Á vorönn er nemendasýning í Grunnskóla Fjallabyggðar þar sem nemendur sýna afrakstur vetrarins. Allir eru velkomnir og 9. bekkur er með kaffisölu þennan dag og rennur ágóðinn í bekkjarsjóðinn þeirra.

## **Hæfileikakeppni**

Hæfileikakeppni er haldin í lok janúar þar sem nemendur koma fram og sýna hvað í þeim býr.

## **Starfskynning 10. bekkjar**

Í lok maí býðst nemendum 10. bekkjar að kynna sér ýmis störf í heimabyggð sinni. Hver nemandi fer á tvo vinnustaði.

## **Stóra upplestrarkeppnin**

Nemendur í 7. bekk hafa tekið þátt í Stóru upplestrarkeppni grunnskólanna. Markmið hennar er að efla íslenskt mál og færni nemenda í notkun þess sér til ánægju og heilla og að vekja athygli í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Undirbúningur keppinnar hefst á Degi

Íslenskrar tungu þann 16. nóvember og lýkur með lokahátíð í mars. Á lokahátíðinni keppa Grunnskólar Fjallabyggðar og Dalvíkubyggðar til sigurs í upplestri.

### **Reykjaferð**

Að venju fara nemendur 7. bekkjar í skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði. Þeir fræðast um fjármál, heimsækja Byggðasafnið á Reykjum, stunda íþróttir og margt fleira.

### **Myndatökur**

Á hverju ári kemur ljósmyndari í skólann og tekur einstaklings- og bekkjarmyndir.

### **Hamagangur að Hóli**

Í júní fara allir nemendur og starfsfólk skólans að Hóli eða við Tjarnarstíg og eiga saman skemmtilega stund. Farið er í leiki og grillaðar pylsur.

### **Óvissuferð 10. bekkjar**

10. bekkingar og umsjónarkennarar þeirra fara í þriggja daga óvissuferð í maí eða júní.

## **Nám og kennsla**

Grunnskóli Fjallabyggðar býður nemendum sínum upp á áhugavert og margbreytilegt nám í skapandi umhverfi. Kennsluhættir skulu einkennast af þeirri nútímatækni sem völ er á, á hverjum tíma. Hver nemandi skiptir máli og á rétt á námi við sitt hæfi óháð innra og ytra atgervi. Nemendur fá hér tækifæri til að rækta hæfileika sína á eigin forsendum og koma skoðunum sínum á framfæri. Í skólanum er unnið að því að efla sjálfstæði, metnað og ábyrgð nemenda á náminu og þeim kennt að setja sér markmið til lengri og skemmri tíma.

## **Grunnþættir menntunar**

Samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla 2011 er gerð grein fyrir sex grunnþáttum í íslenskri menntun. Grunnþættirnir eru *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Í starfi Grunnskóla Fjallabyggðar er leitast við að hafa grunnþættina að leiðarljósi í starfsháttum, inntaki og námsumhverfi.

### **Heilbrigði og velferð**

Um heilbrigði og velferð segir í aðalnámskrá grunnskóla:

*Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Heilbrigði og líðan ræðst af flóknu samspili einstaklings og umhverfis og í öllu starfi skóla þarf að stuðla að velferð nemenda.*

Við Grunnskóla Fjallabyggðar starfar svokallað hreystiteymi. Það vinnur að hugmyndum til að auka hreysti og heilbrigði nemenda og starfsfólks skólans. Á hverju skóladagatali eru fimm hreystidagar þar sem allir fara t.d. í gönguferð, á skíði, taka þátt í skólahreysti og fara í útileiki. Skólinn tekur einnig þátt í verkefnum Göngum í skólann og Lífshlaupinu. Skólinn hvetur nemendur, starfsfólk og heimili til að gæta að hollum neysluvenjum, t.d. nestismál.

Skólinn er þátttakandi í Vinaliðaverkefninu en það miðar að því að fá nemendur til að vera virkari í frímínútum, læra leiki og sjá til þess að enginn sé hafður útundan. Í skólanum eru allir nemendur þátttakendur í ART, sem er liður í því að styrkja, félagsfærni, sjálfstjórn og siðferði. Grunnskóli Fjallabyggðar vinnur gegn einelti í anda Olweusar og þá er einnig unnið að Uppeldi til ábyrgðar.

### **Jafnrétti**

Um jafnrétti segir í aðalnámskrá grunnskóla:

*Áhersla er lögð á að allir fái að þroskast á eigin forsendum, geti ræktað hæfileika sína og lifað ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í þeim tilgangi að kenna nemendum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar og forréttinda.*

Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisni og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti móta framfarir öðru góðan starfsanda.

Skólastarfi í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi hæfileikum fólks. Því er haft að leiðarljósi í skólastarfi Grunnskóla Fjallabyggðar að tækifæri nemenda og starfsfólks byggja fyrst og fremst á hæfileikum og færni.

Mikilvægt er að nemendur, starfsfólk skólans og foreldrar hafi jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku og skal reynt að tryggja það með sem bestum hætti, t.d. með bekkjar-, foreldra-, starfsmanna- og kennarafundum.

Í Grunnskóla Fjallabyggðar er til jafnréttisáætlun og áætlun um framkvæmd hennar (sjá heimasíðu Grunnskóla Fjallabyggðar).

### **Lýðræði og mannréttindi**

Um lýðræði og mannréttindi segir í aðalnámskrá grunnskóla:

*Einstaklingar taka afstöðu til siðferðislegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni skólasamfélagsins. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun jafnframt því að þau atriði fléttast saman við*

*aðra grunnþætti menntunar. Skólanum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Virkt samband þarf að vera við grenndarsamfélagið svo sem samstarf við aðra skóla í sveitarfélaginu og íþrótt- og æskulýðsfélög.*

Í Grunnskóla Fjallabyggðar er unnið að Uppeldi til ábyrgðar og verið er að innleiða ART þar sem nemendur eru þjálfaðir í félagsfærni, reiðistjórnun og siðferði. Bekkjafundir og lífsleiknitímar eru haldnir reglubundið í öllum bekkjum skólans og þar er áhersla lögð á lýðræðisleg vinnubrögð og virka þátttöku hvers og eins. Reynt er að höfða til áhuga og vilja nemenda við mótun skólastarfsins.

Samstarf er við aðra skóla í Fjallabyggð, t.d. tónskóla, leikskóla og framhaldsskóla.

## **Læsi**

Um læsi segir í aðalnámskrá grunnskóla:

*Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Læsi er mikilvægur þáttur í lífi einstaklingsins, hvort sem um er að ræða lestur á ritmál, samfélag, umhverfi, menningu eða náttúru. Lestur er tjáningarform þess samfélags sem viðkomandi einstaklingur kemur úr.*

Grunnskóli Fjallabyggðar leggur áherslu á að nemendur þjálfu sig í lestri alla skólagönguna. Unnið er eftir byrjendalæsi í 1.- 4. bekk. Lögð er áhersla á að nemendur geti lesið sér til skilnings og tjáð sig í ræðu og riti. 7. bekkur tekur þátt í Stóru upplestrarkeppninni, yndislestur er hluti af skólastarfi. Samstarf er við Bókasafn Fjallabyggðar.

## **Sjálfbærni**

Um sjálfbærni segir í aðalnámskrá grunnskóla:

*Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera nemendum kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Umhverfið og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Sjálfbær þróun getur ekki átt sér stað nema innan þeirra takmarka sem vistkerfi jarðar setja okkur. Þannig þurfa nemendur að virða og skilja náttúrun, bæði vegna sjálfs gildis hennar og þeirrar þjónustu sem hún innir af hendi við mannfólkið. Í samfélagslegu tilliti snýst hugmyndafræðin líka um jöfnuð, innan kynslóðar og milli kynslóða. Að nemendur geri sér grein fyrir að velferð annarra er forsenda fyrir sjálfbærri þróun.*

Í Grunnskóla Fjallabyggðar er unnið markvisst í umhverfismennt, til dæmis með gróðursetningu trjáplanta og sorpflokkun. Unnin eru ýmis verkefni í umhverfismennt t.d. á



Degi íslenskrar náttúru og Degi umhverfisins. Nemendur fara í vettvangsferðir í nærumhverfinu, heimsóknir í fyrirtæki, skóla og söfn.

## **Sköpun**

Um sköpun segir í aðalnámskrá grunnskóla:

*Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og geta tengt það við raunverulegar aðstæður. Sköpun byggist á gagnrýnni hugsun og að geta farið út fyrir mengi hins þekkta og þar með aukið þekkingu sína og leikni. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.*

Í Grunnskóla Fjallabyggðar er lögð áhersla á skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð þar sem nemendur fá tækifæri til að sýna frumkvæði og frumleika í verki. Afrakstur skólaársins er sýndur á vorsýningu skólans þar sem foreldrum og bæjarbúum er velkomið að koma. Yngri deild heldur vorskemmtun og eldri deild árshátíð þar sem sköpunargleðin er ríkjandi. Árlega er haldin hæfileikakeppni þar sem öllum nemendum skólans gefst tækifæri til að koma fram á sviði. Nemendur í eldri deild taka þátt í hönnunarkeppninni Stíll í samstarfi við félagsmiðstöðina *Neon*.

## **Heimanám við Grunnskóla Fjallabyggðar**

Heimanámi er ætlað að gefa foreldrum tækifæri til að fylgjast með hvernig börnum þeirra gengur að takast á við nám og einnig að fylgjast með því hvaða viðfangsefni verið er að fjalla um í skólanum. Í aðalnámskrá grunnskóla segir að foreldrar beri ábyrgð á uppeldi barna sinna og eigi að fá tækifæri til að taka þátt í námi þeirra. Eins beri foreldrar ábyrgð á því heimanámi sem skólinn og foreldrar hafi orðið ásátt um. Grunnskóli Fjallabyggðar leggur á það megináherslu að nemendur þjálfu sig í lestri heima **alla skólagönguna**. Lestrarfærni nemenda er mikilvægasti þátturinn í öllu námi barna og grunnur að því sem koma skal og á ábyrgð foreldra að sú færni sé þjálfuð heima.

### **Markmið heimanáms í Grunnskóla Fjallabyggðar er að:**

- þjálfra lestrarfærni nemenda
- nemendur þjálfu enn frekar og rifji upp það sem kennt hefur verið í skólanum
- lesa og kynna sér námsefni til undirbúnings
- efla ábyrgð nemenda á námi sínu
- venja nemendur við ákveðin vinnubrögð og ögun í námi
- veita foreldrum tækifæri til að taka þátt og fylgjast með námi barna sinna

### **Heimanámsverkefni í Grunnskóla Fjallabyggðar eru þannig að:**

- þau miðast við vinnu á virkum dögum

- þau eru við hæfi hvers og eins
- þau verði vettvangur ánægjulegrar samveru foreldra með barni sínu

#### **Hlutverk foreldra við heimanám er að:**

- vera styðjandi, jákvæð og hvetjandi
- skapa barninu góðar námsaðstæður
- láta kennara vita ef heimanám er ekki við hæfi
- aðstoða barnið við að skipuleggja námið
- kenna barninu að taka smám saman ábyrgð á heimanáminu

#### **Hlutverk nemanda við heimanám er að:**

- skipuleggja heimavinnuna með foreldrum
- skila á réttum tíma
- taka ábyrgð á heimanáminu

#### **Hlutverk kennara við heimanám er að:**

- hver og einn nemandi fái heimanám við hæfi
- gefa greinargóðar upplýsingar um heimanámið, t.d á mentor eða í vikuáætlun
- sjá til þess að nemendur viti hvernig eigi að leysa verkefnin og þekki markmiðin
- gera kröfur um vönduð vinnubrögð
- fara yfir heimanámið
- hafa samband við foreldra ef þörf er á

### **Undanþága frá skólasókn**

Eitthvað er um að nemendur þurfi nauðsynlega að fá frí frá skólasókn. Fyrir því eru að sjálfsögðu margar og mismunandi ástæður. Umsjónarkennarar hafa leyfi til að veita undanþágu frá skólasókn í tvo daga en ef óskað er eftir lengra leyfi þarf að hafa samband við skólastjóra eða annan skólastjórnanda.

Samkvæmt lögum um grunnskóla er skólastjórnanda heimilt að veita slíkt leyfi en þá er foreldri/forráðamaður barns ábyrgur fyrir því að nemandinn vinni upp það sem hann kann að hafa misst af í námi sínu á meðan, eða eins og fram kemur í lögum um grunnskóla nr 91/2008, 15. gr.

„Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur“.

Það er erfitt fyrir marga nemendur að koma í skólann eftir margra daga frí og sumir ná aldrei að vinna það upp að fullu. Foreldrar verða því alltaf að meta hvort leyfið sé nauðsynlegt og hjálpa barni sínu að vinna upp námið þegar til baka er komið.

## Námsmat

### Í lögum um grunnskóla segir um námsmat:

*Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Nánari ákvæði um námsmat skulu sett í aðalnámskrá grunnskóla (Lög um grunnskóla, 27. gr., 2008).*

### Í aðalnámskrá grunnskóla segir um námsmat:

*Námsmat miðar að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstökum nemendum eða hópum gengur að ná settum markmiðum. Megintilgangur námsmats er því sá að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum og forráðamönnum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006)*

Námsmat í Grunnskóla Fjallabyggðar byggist á símati. Nám og námsframvinda er metin reglulega með verkefnum ýmiskonar og könnunum. Skólaárinu er skipt í þrjár annir: Haustönn, vetrarönn og vorönn. Áherslur í námsmati eru með eftirfarandi sniði í hvorri deild fyrir sig.

### *Námsmat í eldri deild*

#### **Haustönn og vetrarönn - námsmat**

Leiðsagnarmat í öllum námsgreinum.

- Nemandi og foreldri metur framvindu námsins í Mentor og gerir markmið um framhaldið
- Kennari metur námsframvindu nemenda í Mentor og gefur umsagnir.

Verkefnabók í þeim greinum sem það á við.

- Kennarar setja niðurstöður verkefna og kannana/prófa í verkefnabók í Mentor jafnóðum. Með því móti geta nemendur og foreldrar fylgst með framvindu námsins.

Einkunn

- Námsmat er í formi símats þar sem verkefni, heimavinna, próf og kannanir mynda einkunnir nemenda. Félagsleg einkunn nemenda skal gilda 10% og kennaraeinkunn 10% af einkunn hverrar námsgreinar. Með félagslegri einkunn eru samskipti og samvinna nemandans við aðra nemendur og kennara metin. Kennaraeinkunn er sett saman úr ástundun nemandans í kennslustundum og skil á heimavinnu. Önnur verkefni og kannanir skulu gilda samtals 80% þó þannig að eitt einstakt próf gildi hámark 20% af lokaekinn. Einkunnir skulu settar inn í prófaflokka.

#### Mat á ástundun

- Meta skal ástundun nemenda á þar til gerðum kvarða. Við slælega ástundun fá nemendur ástundunarstig sem mynda ástundunareinkunn. Ástundunarstig eru sem hér segir.
- Óheimil fjarvist 3 stig
- Nemandi rekinn úr kennslustund 3 stig
- Nemandi mætir of seint í kennslustund 1 stig
- Nemandi mætir án heimavinnu 1 stig
- Nemandi mætir án nauðsynlegra gagna 1 stig
- Nemandi hlýtur tiltal vegna truflunar eða lélegra vinnubragða 1 stig

#### Ástundunarstig reiknast til einkunnar með eftirfarandi hætti

Stig	einkunn
• 0-5	10
• 6-8	9
• 9-11	8
• 12-14	7
• 15-17	6
• 18-20	5
• 21- 23	4
• 24- 26	3
• 27-29	2
• 30 +	1

Foreldraviðtöl eru í lok haust- og vetrarannar þar sem farið er yfir leiðsagnarmat með nemendum og foreldrum.

#### **Vorönn - námsmat**

Námsmat á vorönn er með sama sniði og í lok haust- og vetrarannar að öðru leyti en því að ekki er stuðst við leiðsagnarmat heldur fá nemendur vitnisburð í formi einkunna og/eða umsagna á vitnisburðablaði sem afhent er á skólaslitum.

#### *Námsmat í yngri deild*

#### **Haustönn og vetrarönn – námsmat**

Leiðsagnarmat í öllum námsgreinum.

- Nemandi og foreldri metur framvindu námsins í Mentor og gerir markmið um framhaldið
- Kennari metur námsframvindu nemenda í Mentor og gefur umsagnir
- Þeir kennarar sem það kjósa meta nemendur út frá frammistöðumati í Mentor

Verkefnabók í þeim greinum sem það á við.

- Kennarar setja niðurstöður verkefna og kannana/prófa í verkefnabók í Mentor jafnóðum. Með því móti geta nemendur og foreldrar fylgst með framvindu námsins.

Foreldraviðtöl eru í lok haust- og vetrarannar þar sem farið er yfir leiðsagnarmatið með nemendum og foreldrum.

### **Vorönn – námsmat**

Námsmat á vorönn er með sama sniði og í lok haust- og vetrarannar að öðru leyti en því að ekki er stuðst við leiðsagnarmat heldur fá nemendur vitnisburð í formi umsagna á vitnisburðablaði sem afhent er á skólaslitum. Vitnisburðarblaðið er unnið í Mentor. Þá eru foreldrar boðaðir í skólann í lok maí til að skoða sýnismöppur barna sinna, foreldrar koma á skólatíma og skoða möppurnar ásamt barni sínu. Umsagnir kennara um sýnismöppurnar skulu vera á vitnisburðarblaðinu.

## **Sjálfsmat**

### **Í lögum um grunnskóla segir um sjálfsmat:**

#### **36. gr. Innra mat.**

*Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli*

*35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.*

*Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.*

#### **37. gr. Ytra mat sveitarfélaga.**

*Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.*

*Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi (Lög um grunnskóla, 36.-37. gr., 2008).*

## **Sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar 2015 - 2018**

Við sjálfsmat í Grunnskóla Fjallabyggðar er stuðst við sjálfsmatstækið Gæðagreinar 2. Auk þess er fengist við annað mat á starfi skólans s.s. með viðhorfskönnunum meðal nemenda, foreldra og

starfsmanna með Skólapúlsinum. Auk þess fást upplýsingar í starfsmannaviðtölum sem nýtast við sjálfsmat skólans.

Verkátun: Stefnt er að því að fara í gegnum alla Gæðagreinana níu á þremur skólaárum. Í lok hvers skólaárs skima allir starfsmenn alla gæðagreina og sjálfsmatsskýrsla er unnin. Þá verður lokaskýrsla unnin í lok tímabils.

Tímabil vinnunnar	Viðfangsefni
Vorönn 2015	<b>Gæðagreinir 5:</b> Menntun - kennarar Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) Sjálfsmatsskýrsla - stjórnendur
Haustönn 2015	<b>Gæðagreinir 2:</b> Áhrif á nemendur - kennarar <b>Gæðagreinir 3:</b> Áhrif á starfsfólk – Allir starfsmenn Nemendakönnun, Skólapúlsinn (október)
Vorönn 2016	<b>Gæðagreinir 4:</b> Áhrif á samfélagið – kennarar <b>Gæðagreinir 6:</b> Stefnumótun og áætlanagerð - kennarar Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) Skimun á öllum gæðagreinum – allt starfsfólk Sjálfsmatsskýrsla - stjórnendur
Haustönn 2016	<b>Gæðagreinir 7:</b> Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk – allir starfsmenn <b>Gæðagreinir 8:</b> Samvinna og búnaður – allir starfsmenn Nemendakönnun, Skólapúlsinn (október)
Vorönn 2017	<b>Gæðagreinir 1:</b> Heildarárangur – kennarar <b>Gæðagreinir 9:</b> Forysta – allir starfsmenn Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) Skimun á öllum gæðagreinum – allt starfsfólk Sjálfsmatsskýrsla – stjórnendur
Haust 2017	Nemendakönnun, Skólapúlsinn (október) Sjálfsmatsskýrsla – stjórnendur
Vorönn 2018	Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) Sjálfsmatsskýrsla - stjórnendur

## Áætlanir

### Forvarnarstefna Grunnskóla Fjallabyggðar

Byggir á aðalnámskrá grunnskóla en þar segir að vinna skuli að forvörnum og heilsuefningu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans. Einn veigamesti þáttur í forvarnavinnu skólans er fræðsla og samvinna við foreldra auk hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar. Tilgangur stefnunnar er meðal annars að ýta undir sjálfsaga og þá tilfinningu að hver og einn beri ábyrgð á eigin líðan og hegðun, viðurkenni mistök og læri að leiðrétta þau á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Þá er lögð rík áhersla á virðingu gagnvart ólíkum einstaklingum og að hver og einn fái að njóta sín á eigin forsendum. Grunnskóli Fjallabyggðar starfar einnig í anda heilsuefandi grunnskóla. Í heilsuefandi skóla er hugað sérstaklega vel að andlegri og líkamlegri líðan nemenda og starfsfólks, sem og umhverfi skólans í góðri samvinnu við heimilin og nærsamfélag skólans.

#### **Markmið með forvörnum er að:**

- ✓ Stuðla að öflugu foreldrasamstarfi
- ✓ Stuðla að heilbrigðum lífsháttum
- ✓ Stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og lífssýn
- ✓ Styrkja félagsfærni
- ✓ Efla og styrkja nemendur í námi á þeirra eigin forsendum
- ✓ Efla virðingu einstaklingsins fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu sínu

#### **Leiðir að markmiðum:**

- ✓ Fræðsla til foreldra/forráðamanna þar sem meðal annars er lögð áhersla á geðrækt, tilfinningalega heilsu og vellíðan, að fara eftir ráðlögðum útivistartíma, ábyrga tölvunotkun, góða hegðun, jákvætt viðhorf, hollustu og heilbrigði, tóbaks- og vímuefnavarnir og fordómaleysi.
- ✓ Stuðla að og hvetja til eftirlits og eftirfylgni foreldra/forráðamanna varðandi skólagöngu og heimanám.

- ✓ Hvetja til heilsuræktar, geðræktar og jákvæðs lífsstíls meðal nemenda.
- ✓ Fræðsla til starfsfólks og nemenda skólans samkvæmt forvarnaráætlun skólans.
- ✓ Starfsfólk grunnskólans sameinast um að vinna eftir forvarnaráætlun sem sett hefur verið upp.

### **Hvernig ná á markmiði forvarnarstefnu um fræðslu til foreldra:**

Skólaheilsugæslan sinnir hluta af forvörnum skólans. Forvarnarfræðsla fer fram í öllum bekkjum grunnskólans og unnið er eftir fræðsluáætlun skólaheilsugæslunnar 6H heilsunnar. Að lokinni hverri fræðslu er foreldrum sendur tölvupóstur varðandi það sem frætt var um og að auki sendur staðlaður fræðslupóstur frá skólaheilsugæslunni. Foreldrar hafa aðgengi að skólahjúkrunarfræðingi milli klukkan 8 - 12 mánudaga – fimmtudaga auk þess sem þeim er boðið upp á senda tölvupóst á netfang skólahjúkrunarfræðings. Ef þörf er á sérstakri fræðslu t.d. vegna langveikra barna eða atburða innan skólans, kemur skólahjúkrunarfræðingur að því með fræðslu til nemenda í skólanum og til foreldra í formi tölvupóstsamskipta. Einnig er gefinn kostur á því að funda með foreldrum ef sérstakrar fræðslu er þörf.

### **Viðbragðsáætlun vegna óveðurs og ófærðar**

**Skólaakstur:** Bílstjóri tekur ávallt ákvörðun þegar skólaakstur er felldur niður en í samráði við skólastjóra.

**Að morgni:** Stefnt skal að því að ákvörðun um niðurfellingu skólaaksturs liggi fyrir kl. 7.00. Um leið og ákvörðun um niðurfellingu hefur verið tekin fyrir flyst ábyrgð ákvörðunar og komandi ferill í hendur skólastjóra.

### **Upplýsingagjöf:**

1. skref Frétt um niðurfellingu skólaaksturs er sett á vef skólans <http://grunnskoli.fjallabyggd.is> og foreldrum sendur tölvupóstur.
2. skref Skólaritara tilkynnt um ákvörðunina svo hann geti gefið réttar upplýsingar strax við opnun skiptiborðs.



Upp getur komið sú staða að skólaakstur fellur niður á milli byggðarkjarnanna vegna ófærðar. Þrátt fyrir það verður e.t.v. mögulegt að mæta í skólahúsin í byggðarkjörnum. Ef þær aðstæður skapast hefur verið ákveðið að taka á móti nemendum í 5.-10. bekk búsettum í Ólafsfirði, í skólahúsinu við Tjarnarstíg og nemendum í 5.-10. bekk búsettum á Siglufirði í skólahúsinu við Norðurgötu. Kennarar munu taka á móti nemendum frá klukkan átta og aðstoða þá við nám fram að hádegi.

Foreldrar þurfa undir öllum kringumstæðum að meta hvort barn á erindi í skólann. Aðstæður fólks eru ólíkar og börnin misjafnlega í stakk búin til að fara út í vont veður. Foreldrar tilkynna skólanum um forföll vegna veðurs ef þeir treysta sér ekki til senda barn í skólann vegna veðurs, færðar eða slæms útlits.

Starfsmenn mæta á þá starfsstöð sem þeir komast til og taka þátt í því starfi sem fram fer þar. Áhersla skal lögð á manntal og niðurstöður bornar saman við forfallaskráningu. Þeir nemendur sem komast til skóla fara í sínar stofur samkvæmt stundaskrá eða í annað starf sem tekur við ef kennsla fellur niður.

**Á skólatíma:** Ef upp koma þær aðstæður að fella þarf niður skólaakstur á skólatíma eru meginreglur þessar:

#### **Upplýsingagjöf:**

1. skref Frétt um niðurfellingu skólaaksturs er sett á vef skólans <http://grunnskoli.fjallabyggd.is> og send foreldrum í tölvupósti
2. skref Skólaritara tilkynnt um ákvörðunina og hann skipuleggur úthringingu til foreldra.

**Dvöl í skólanum:** Í þessu tilviki þurfa nemendur að dvelja í skólahúsnaðinu þar til bílstjóri telur mögulegt að koma nemendum heim. Í þessum tilvikum skal óska eftir fylgd lögreglu og/eða björgunarsveitar með skólabíl, af öryggisástæðum. Sú beiðni er á ábyrgð skólastjóra.

Ef forráðamenn óska þess að sækja börn sín, er það sjálfsagt. Skal þó alltaf fylgst grannt með og skrá niður þær brottfarir nemenda.

## **Verstu aðstæður:**

Ef dvöl barna í skólanum lengist verulega vegna óveðurs eða af öðrum ástæðum fá nemendur hressingu í boði skólans kl. 16.00 og aftur kl. 18.30. Eigi síðar en að loknu síðara matarhléi skal meta á ný stöðuna hvort hægt sé að flytja nemendur og starfsmenn til sinna heimkynna.

Ef hins vegar er ógjörningur er að flytja nemendur heim fyrir nóttina skal ákvörðun tekin um náttstað nemenda í samráði við foreldra. Skólinn skráir upplýsingar um dvalarstað nemenda. Skólinn útvegar gistirými fyrir þá nemendur sem það þurfa.

## **Viðbragðsáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar við áföllum**

*Símanúmer Grunnskóla Fjallabyggðar er 4649150.*

Í skólanum skal sitja viðbragðsteymi við áföllum. Hlutverk þess er að gera vinnuáætlun svo bregðast megi við á skjótan og öruggan hátt þegar áföll verða, svo sem bráð veikindi, alvarleg slys og dauðsföll.

### **Í viðbragðsteymi skólans sitja:**

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, námsráðgjafi, deildarstjóri og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess starfa umsjónarkennarar skólans, prestur og sálfræðingur með viðbragðsteymi áfalla eins og þurfa þykir.

### **Viðbrögð skólans við alvarlegu slysi:**

1. Tilkynna skal alvarleg slys í skóla til neyðarlínu í síma 112.
2. Hafa skal strax samband við skólastjóra, aðstoðarskólastjóra eða deildarstjóra. Viðbragðsteymi kallað saman ef nauðsyn þykir.
3. Starfsmaður sem kemur að slysi skal skrá hjá sér þau vitni sem voru að slysinu og afhenda skólastjóra listann.
4. Samskipti við foreldra er í höndum stjórnenda/námsráðgjafa sem njóta aðstoðar umsjónarkennara ef þurfa þykir.
5. Samskipti við lögreglu og fjölmiðla eru í höndum skólastjóra.
6. Ritari skólans fær upplýsingar og sér um að halda boðleiðum opnum.
7. Tilkynning um slys getur farið fram á fundi starfsfólks og síðar nemenda eða eftir öðrum leiðum.

### **Viðbrögð skólans við dauðsfalli:**

1. Hefjist strax handa. Mikilvægt er að bregðast skjótt við því það er erfitt að leiðrétta sögusagnir eftir á.

2. Skólastjóri fær staðfestingu á andláti hjá aðstandendum, lögreglu, sjúkrahúsi eða presti.
3. Stjórnendur hafa samband við námsráðgjafa/umsjónarkennara til að annast persónuleg mál nemenda sem tengjast slysinu.
4. Viðbragðsteymi skólans er kallað saman ef sá látni er nemandi skólans eða starfsmaður. Ráðið fer yfir verkaskiptingu og aðgerðir skólans.
5. Samskipti við fjölskyldu þess látna (ef um nemandu er að ræða) eru í höndum skólastjórna/námsráðgjafa sem njóta aðstoðar umsjónarkennara ef þurfa þykir.
6. **Öll samskipti** við lögreglu og fjölmiðla eru í höndum skólastjóra.
7. Húsvörður flaggar fána skólans í hálfu stöng bæði að tilkynningu lokinni og á útfarardegi.
8. Ef skólanum berst tilkynning er snertir nemandu skólans skal tilkynna sem fyrst viðbragðsteymi skólans. Einnig skal skólastjóri/aðstoðarskólastjóri tilkynna starfsfólki sínu um atburðinn eins fljótt og auðið er.

#### Aðgerðaröð í áföllum:

##### *Andlát nemanda:*

1. Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri tilkynna viðbragðsteymi skólans um atburðinn.
2. Skólastjóri kallar starfsfólk skólans saman og tilkynnir því hvað gerst hefur og hver viðbrögð skólans muni vera.
3. Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri/deildarstjóri, umsjónarkennari og námsráðgjafi segja nemendum frá atburði í skólastofu eða á sal. Gæta þarf þess að allir nemendur fái fregnina á svipuðum tíma. Gefa verður einstökum nemendum kost á að ræða um atburðinn og líðan sína.
4. Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri eða námsráðgjafi hefur samband við fjölskyldu hins látna sem fyrst (t.d. með heimsókn og/eða blómasendingu) og rætt um hvernig skólinn minnist hins látna.
5. Samúðarkveðjur frá bekk og skóla.
6. Minningarathöfn í kirkju í samráði við prest og fjölskyldu.
7. Minningargrein birt í blaði sem kveðja frá skóla
8. Á útfarardegi skal fella niður kennslu.
9. Fylgjast vel með nemendum og leyfa þeim að tjá sig um fráfallið (áfallahjálpi).

##### *Andlát starfsmanns:*

1. Samstarfsmönnum tilkynnt sem fyrst um andlátið, því næst eru nemendur upplýstir.
2. Samband haft við aðstandendur, t.d. með heimsókn og/eða blómasendingu.
3. Fulltrúar skólans bjóði aðstoð við útfararundirbúning og útför.
4. Minningarathöfn um hinn látna haldin í skólanum eða í kirkjunni fyrir nemendur.
5. Samstarfsmenn sjái til þess að minningargrein eða kveðja birtist í blaði.
6. Á útfarardegi skal fella niður kennslu.

##### *Andlát nákomins ættingja nemanda (foreldris/systkinis eða annarra nátengdra ættingja):*

1. Gott væri ef ættingjar nemandans gætu upplýst skólastjóra/aðstoðarskólastjóra/deildarstjóra um missinn.

2. Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri/deildarstjóri tilkynnir viðbragðsteymi skólans og starfsfólki skólans um atburðinn.
3. Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri/deildarstjóri/námsráðgjafi og umsjónarkennari tilkynni í bekk viðkomandi nemanda hvað gerst hafi (eftir atvikum).
4. Ef um foreldra- eða systkinamissi er að ræða þá er nemendanum færð blóm/minningargjöf frá skólafélögum/skóla.
5. Kanna þarf vilja nemandans til frekari viðbragða og óskir hans virtar.

### Viðbrögð við grun um einelti

Þegar grunur um einelti er tilkynntur til eineltisteymis skólans er farið eftir þessum vinnureglum:

Starfsmönnum eineltisteymis er gerð grein fyrir tilkynningu eða tilkynning berst teyminu beint. Teymið vinnur hratt og skoðar viðkomandi tilfelli samdægurs, í síðasta lagi næsta virkan dag. Fyrsta skref er að skoða málið með tilkynnanda og heyra hans frásögn. Eftir það er reynt að skoða málið frá öðrum sjónarhornum, t.d. með umsjónarkennara, öðrum kennurum eða skólaliðum.

Eftir þessi viðtöl/samtöl fer eftirfarandi ferli í gang.

1. Fulltrúar teymisins ræða við þann nemanda sem tilkynningin tengist og er reynt að gera það á skólatíma. Tilgangur þessa samtals er að ræða hvers eðlis eineltið er, hve lengi viðkomandi telur sig hafa verið lagðan í einelti og hverjir eigi í hlut. Í framhaldi af þessu samtali leggur teymið mat á upplýsingarnar og leggur á ráðin með næstu skref aðgerða. Foreldrar viðkomandi nemanda eru látnir vita af þessu viðtali með orðsendingu í gegnum Mentor. Ef umræddur nemandi er í yngri deild skólans er viðtalið tekið í samráði við foreldra hans og ef þurfa þykir eru foreldrar hafðir með í viðtalinu. Reynt er þó að komast hjá því eftir fremsta megni.

2. Næsta skref er samtal við geranda eða gerendur, ef þolandi getur bent á ákveðna einstaklinga. Foreldrar eru sömuleiðis látnir vita af þessum viðtölum með orðsendingu í gegnum Mentor. Ef gerandi/gerendur eru nemendur í yngri deild skólans er rætt við nemendur í samráði við foreldra þeirra. Gerendum er gerð grein fyrir alvarleika þess að leggja í einelti og eru hvattir til að láta af hegðun sem hefur framkallað vanlíðan hjá öðrum og svo framvegis. Ef ekki er hægt að benda á ákveðna einstaklinga er hugsanlegt að ræða við alla í bekknum í þeim tilgangi að kanna hvort fleirum líður illa eða finnist þeir verða fyrir einelti og hvort þeir hafa orðið varir við einelti. Samhliða er reynt að efla starf gegn einelti í bekknum á bekkjarfundum. Sú vinna er í höndum umsjónarkennara.

Oftast dagar aðgerðirnar sem hér hefur verið lýst. Eftirfylgni þarf að vera svo hægt sé að meta árangur. Stundum duga þessar aðgerðir ekki og þá er lagt á ráðin með frekari samtölum við þolendur og gerendur og foreldra þeirra sem eiga í hlut. Leiðirnar sem farnar eru fara eftir því hvers eðlis mál eru. Ef eineltisteymi hefur ítrekað unnið í máli án ásættanlegs árangurs getur það vísað málinu til nemendaverndarráðs.

### Móttökuáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar

Samkvæmt *aðalnámskrá grunnskóla 2011* þá ber grunnskólum að útbúa móttökuáætlun nýrra nemenda. Móttökuáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar er gerð til að auðvelda nýjum nemendum grunnskólans og foreldrum þeirra upphaf skólagöngunnar og tryggja að skólinn afli fullnægjandi upplýsinga um nýja nemendur. Lögð er áhersla á að nemendur og foreldrar finni að þeir séu velkomnir og að samstarf heimilis og skóla hefjist strax í upphafi.

Við í Grunnskóla Fjallabyggðar tökum vel á móti öllum sem hefja nám í skólanum okkar.

*Bilið milli leikskóla og grunnskóla brúað:*

Tilvonandi nemendur í 1. bekk koma í tvær skipulagðar heimsóknir að vori með leikskólakennara. Í fyrri heimsókninni tekur skólastjóri á móti leikskólabörnunum og sýnir þeim skólahúsnæðið en í seinni heimsókninni taka þau þátt í skólastarfinu hluta úr degi.

*Þegar nemandi hefur nám í 1. bekk:*

- Nemandi er skráður í skólann.
- Nemandi og foreldrar koma í viðtal til umsjónarkennara á fyrsta degi skólaársins.
- Farið er yfir helstu mál er varða nemanda og skóla.

*Þegar nemandi hefur nám í 2. – 10. bekk í byrjun skólaárs:*

Nemandi er skráður í skólann.

Umsjónarkennari tekur á móti nemanda og foreldri.

Farið er í bekkjarstofu og yfir allar almennar upplýsingar um skólann.

Skólahúsnæði skoðuð, íþróttahús, sundlaug og þau svæði sem nemandi þarf að sækja á skólatíma.

*Þegar nemandi hefur nám í 1. – 10. bekk eftir að skólaár hefst:*

Nemandi er skráður í skólann.

Ritari lætur skólahjúkrunarfræðing, stjórnendur og umsjónarkennara vita.

Skipulagður er fundur nemanda, foreldra, umsjónarkennara og skólastjórnanda.

Farið er yfir allar almennar upplýsingar um skólann.

Skólahúsnæði skoðað og farið yfir þau svæði sem nemandi þarf að sækja á skólatíma.

Skólabyrjun nemandans ákveðin en áður þarf að vera búíð að undirbúa bekkjarfélaga og upplýsa starfsfólk skólans sem að nemandanum kemur.

*Þegar nemandi með sérþarfir hefur nám í skólanum:*

### **Móttökuáætlun nemenda með sérþarfir í Grunnskóla Fjallabyggðar**

Í 9. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 segir:

*Auk almennrar móttökuáætlunar samkv. 16. gr. laga um grunnskóla skulu grunnskólar útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Í slíkri áætlun skal m.a. gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulagi kennslunnar, aðbúnaði, aðstöðu, notkun hjálpartækja, skipulagi einstaklingsnámskrá, kennsluháttum og námsmati, hlutverki umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarfi við foreldra. Tilgreina skal áform skólans um stuðning við nemendur með sérþarfir við nemendur til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tómstundastarfi skólans. Í slíkri áætlun skal einnig gera grein fyrir samstarfi við aðila utan skólans.*

Í Grunnskóla Fjallabyggðar er farið eftir móttökuáætlun þegar nýir nemendur byrja í skólanum, áætlun þessi er notuð þegar nemendur með sérþarfir byrja í skólanum. Í almennu áætluninni er fjallað um öll almenn atriði sem eiga við þegar byrjað er í nýjum skóla en hér á eftir er farið yfir þau atriði sem við eiga þegar nemandi er með sérþarfir sem falla ekki undir almennu áætlunina.

### **Samstarf um skipulag kennslunnar, einstaklingsnámskrár, kennsluhætti og námsmat**

Stoðteymi Grunnskóla Fjallabyggðar hefur umsjón með móttöku nemenda með sérþarfir. Stoðteymi tilnefni svo tengilið skólans við foreldra nemandans.

Umsjónarkennari og fulltrúi barnsins í stoðteymi bera sameiginlega ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár þar sem tekið er mið af greiningum/þroskamati viðkomandi nemanda, óskum foreldra og mati starfsmanna á hverjum tíma (sjá gátlista). Í einstaklingsnámskrá eiga að koma fram upplýsingar um námsmarkmið, námsaðstæður, námsefni, námsmat og aðrar aðstæður í skólanum s.s. frímínútur og matartíma. Kennslan getur farið fram með eða án

stuðnings í almennum bekk, sérkennslu í litlum hópi eða einstaklingskennslu utan bekkjar. Námsmat er til þess að fylgjast með hvernig nemandi tekst að mæta markmiðum einstaklingsnámskrár og örva hann til framfara. Vitnisburður getur verið bæði með tölum og orðum en umsögn þarf að fylgja með til hvatningar og stuðnings. Nemendur með sérþarfir fá vitnisburð birtan með svipuðum hætti og aðrir nemendur skólans.

### **Notkun hjálpartækja**

Ef nemandi þarf á hjálpartækjum að halda við nám sitt verður leitað allra leiða til að hafa þau tiltæk til náms. Hér getur verið um að ræða hjálpartæki vegna líkamlegra fatlana en einnig tölvur og ýmis jaðartæki fyrir tölvur, lestrarforrit, ýmis gagnvirk forrit og fl.

### **Stuðningur til félagslegrar þátttöku og virkni**

Í vettvangsferðum og lengri ferðum s.s. ferð í skólabúðir, aðrar skólaferðir og/eða öðrum uppákomum á vegum skólans er sérstaklega gætt að því að allir nemendur viðkomandi árgangs geti tekið þátt.

### **Aðbúnaður og aðstaða**

Aðstaða og aðbúnaður til sérkennslu er í samræmi við lög og reglugerðir. Leitast er við að hafa fjölbreytt úrval námsgagna og nýta tölvur og tölvuforrit til náms.

### **Samstarf við aðila utan skólans**

Samstarf er við félagsþjónustu Fjallabyggðar, skólaheilsugæslu, skólasálfræðing og talmeinafræðing og aðra þá sem vinna með viðkomandi börn. Umsjónarkennari og fulltrúi barns í stoðteymi sitja skilafundi og samstarfsfundi eftir þörfum. Fulltrúi barns í stoðteymi tekur að sér formennsku í þeim teymlum sem eru mynduð vegna nemenda með sérþarfir sem fundar eftir þörfum hvers og eins. Samstarf við foreldra utan teyma eru hefðbundin foreldraviðtöl, samskipti gegnum Mentor og tölvupósti.

**Móttökuáætlun nemenda með sérþarfir í Grunnskóla Fjallabyggðar.  
Gátlisti**

Tími	Vegna nemenda með miklar sérþarfir	Vegna nemenda með vægari sérþarfir
Jan – apríl	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Upplýsingar fengnar úr leikskóla er varða nemandann.</li> <li>- Fundur sérfræðinga skólans vegna komu nemandans.</li> <li>- Iðjubjálfi starfar bæði í Grunn- og Leikskóla Fjallabyggðar og verður tengiliður á milli skólastiga.</li> <li>- Sérfræðingur innan skólans fer í leikskólann og kynnist nemandanum í umhverfi sínu og skoðar hvaða viðfangsefni hann hefur verið að takast á við.</li> <li>- Útbúin aðlögunaráætlun hvað varðar heimsóknir nemandans í skólann.</li> </ul>	
Maí		Almennur skilafundur
Vinnudagar að vori. Ágúst Vinnudagar að hausti.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Útbúin drög að vinnuskipulagi vegna komu nemanda að hausti.</li> <li>- Þörf fyrir hjálpartæki metin.</li> <li>- Útbúin drög að einstaklingsnámsskrá í samvinnu við foreldra, umsjónarkennara og stuðningsfulltrúa.</li> <li>- Ítarleg skipulagning á fyrstu tveimur skólavikum nemandans t.d. hvaða viðfangsefni hann á að takast á við og verkaskiptingu starfsfólks.</li> <li>- Námsgögn útbúin, t.d. námsefni, sjónrænt skipulag og hvaða hugmyndafræði á að styðjast við.</li> </ul>	Stuðningur fyrir næsta skólaár skipulagður
Ótímasett	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Samvinna við félagsþjónustu og skólaheilsugæslu, sálfræðing og talmeinafræðing ef þörf er á.</li> <li>- Umfjöllun um málefni nemanda á teymisfundi eftir þörfum.</li> </ul>	



## Öryggis- og slysavarnaáætlun

### Hvað gerum við ef kviknar í?

Við byrjum á að gera vart við eldinn sími: **112**. Ef við berum ábyrgð á hópi barna þá stundina reynum við að ná í einhvern annan starfsmann til að hringja brunaboða/ neyðarhringingu brunakerfis skólans ef brunakerfið hefur ekki farið í gang.

#### Kennarar sem eru við kennslu þegar eldur kemur upp:

Þeirra eina hlutverk er að koma nemendum sem þeir kenna klakklaust út úr húsinu. Það gerist með eftirfarandi hætti:

- Tekið manntal til að athuga hvort allir eru í stofunni.
- Áætluð útgönguleið könnuð, byrjað á að þreifa á hurðinni til að athuga hvort hún sé heit.
- Ef leiðin reynist fær er hópurinn leiddur út í einfaldri röð, nafnalisti tekinn með. Athugið að þeir sem nota sama útgang fara í fyrirfram ákveðinni röð, skv. ákvörðun kennara t.d. stafrófsröð.
- Ef fyrsta útgönguleið er lokuð er nemendum hjálpað út um björgunarop (neyðarútganga).
- Hópurinn er síðan leiddur út á skólalóð þar sem manntal er tekið aftur og tilkynnt ef einhvern vantar.
- Beðið eftir tilkynningu frá skólastjórnendum um næstu skref.

Ef kviknar í í frímínútum bera kennarar ábyrgð á hópum sem þeir eiga að kenna eftir frímínúturnar. Nemendur eiga að safnast saman á skólalóðina og þar reyna kennarar að ganga úr skugga um að enginn sé inni í skólanum.

#### Starfsfólk í blönduðum störfum.

Hlutverk þess er að tryggja að ekki séu hindranir á leið nemenda út og að enginn verði eftir inni, t.d. á snyrtingum. Helstu atriði eru:

- Opna útihurðir til fulls.
- Færa það sem getur tafið nemendur á leið frá húsinu.
- Fara inn í auðar kennslustofur, snyrtingar og önnur rými sem nemendur geta leynst í til að tryggja að enginn verði eftir inni.
- Ef aðstæður leyfa þarf að loka gluggum og hurðum til að tefja framrás eldsins.

Kvikni í í frímínútum þarf fyrst og fremst að huga að síðustu tveimur liðunum. Foreldrar eru látnir vita með tölvupósti gegnum Mentor ef til rýmingar kemur.

## **Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum**

Í desember 2014 kom út handbók sem fjallar um öryggi og velferð barna í grunnskólum. Í henni má finna upplýsingar og vinnuferla sem gott er að styðjast við þegar kemur að öryggi barna, einelti, ofbeldi og fleira. Handbókin er á eftirfarandi vefslóð:

<http://www.nams.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=758af639-9f32-11e4-b311-0050568632e8>

### **Jafnréttisáætlun**

#### ***Inngangur***

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/ 2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Markmiðið með lögunum er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir eiga að hafa jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er lögð áhersla á að allir fái að þroskast á eigin forsendum, geti ræktað hæfileika sína og lifað ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í þeim tilgangi að kenna nemendum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar og forréttinda.

Sveitarfélagið Fjallabyggð hefur markað sér stefnu í jafnréttismálum. Þar er lögð áhersla á að grunnskólinn vinni markvisst að eflingu fræðslu um jafnréttismál og gegn neikvæðum staðalímyndum kynjanna. Jafnframt er óskað eftir því að skólinn geri áætlanir um hvernig jafnréttisfræðslu sé háttað.

Jafnréttisáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar fjallar annars vegar um nemendur og hins vegar um starfsfólk.

Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti móta framur öðru góðan starfsanda.

Skólastarf í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi hæfileikum fólks. Því er haft að leiðarljósi í skólastarfi Grunnskóla Fjallabyggðar að tækifæri nemenda og starfsfólks byggi fyrst og fremst á hæfileikum og færni.

Mikilvægt er að nemendur og þeir sem starfa við skólann hafi jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku og skal reynt að tryggja það með sem bestum hætti.

#### ***Starfsmenn***

Í stjórnarskrá Lýðveldisins stendur að „allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna“. Allir starfsmenn eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri og virðing skal borin fyrir ólíkum skoðunum.

Konur og karlar skulu fá greidd jöfn laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Allir skulu eiga sömu möguleika á endurmenntun og starfsþjálfun. Einnig eiga allir að hafa sömu möguleika á stöðuhækkunum og stöðubreytingum.

Jafnréttissjónarmið skulu vera höfð að leiðarljósi til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið þegar ráðið er í störf. Reynt skal að halda fjölda starfsmanna af hvoru kyni sem jöfnustu að því gefnu að umsækjendur séu jafn hæfir.

Í anda jafnréttislaga eiga stjórnendur að leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að starfsmenn, jafnt karlar sem konur, geti samræmt sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu.

Í stofnunum Fjallabyggðar er til stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti og kynferðislegu áreitni. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt. Stjórnendur bera ábyrgð á því að kynferðisleg áreitni viðgangist ekki í skólanum og meðferð slíkra mála er í þeirra höndum.

### ***Nemendur***

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika.

Haft er að leiðarljósi að kynin taki sem jafnastan þátt í öllu skólastarfi. Í skólanum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ýmsir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Sem dæmi má nefna aldur, fötlun, kyn, kynhneigð, litarhátt, menningu, skoðanir, trúarbrögð, tungumál, fjölskylduáðstæður og uppruna.

Lögð er áhersla á að nemendur læri að þekkja og tjá tilfinningar sínar. Öll vinna nemenda skal vera í anda jafnréttis þar sem lögð er sérstök áhersla á að nemendur rækti með sér samkennd, samhygð og virðingu fyrir skoðunum, tilfinningum og lífsgildum annarra. Nemendur eiga að hafa jafnrétti að leiðarljósi í öllum samskiptum.

### **Framkvæmd, eftirfylgni og endurskoðun**

Í upphafi skólaárs, að hausti, eru haldnir kynningarfundir í skólanum fyrir forráðamenn nemenda. Þar er skólastarfið kynnt og það skipulag sem unnið er eftir, m.a. sá hluti jafnréttisáætlunar skólans sem snýr að nemendum.

Á starfsmannafundum er jafnréttisáætlunin og jafnréttismál reglulega rædd til að vekja starfsfólk til umhugsunar og meðvitundar um það hvernig þeir ræða við nemendur, hvernig kennslu er háttað og hvaða námsgögn eru notuð.

Lagðar eru reglulega fyrir nemendur í 6. - 10. bekk spurningar um t.d. líðan, sjálfsmynd, nám, áform og virkni. Komi í ljós verulegur munur á svörum kynjanna er unnið með þær niðurstöður og kannað hvað valdi og hvað sé til úrbóta. Þetta sjálfsmat nemenda má einnig nota sem innlegg í nemenda- og foreldrasamtöl.

Í allri námsáætlanagerð verður að vinna sérstaklega með jafnrétti kynjanna að leiðarljósi. Það er lykilatriði að vinna markvisst með jafnrétti í lífsleiknitímum.

Vinna þarf gegn stöðluðum ímyndum kynjanna meðal annars með markvissum heimsóknum foreldra í skóla þar sem þeir kynna mismunandi störf og starfsvettvang sinn. Einnig þarf að vinna með gildismat og fordóma í gegnum almennar umræður. Vinna þarf gegn stöðluðum ímyndum kynjanna í náms- og starfsvali. Sérstaklega er nauðsynlegt að huga að þeim greinum sem tengjast öðru kyninu fremur en hinu.

Kennsluaðferðir eða námsgögn mega á engan hátt mismuna nemendum enda eiga allir nemendur jafnan rétt til náms. Allir kennarar skólans verða að skoða og meta allt námsefni út frá jafnréttissjónarmiði. Það þarf að hafa að leiðarljósi að vinna með námsefni / kennslugögn sem byggja á jafnréttishugmyndum. Allar námsgreinar tengjast beint eða óbeint jafnrétti.

Kennarar þurfa að beita fjölbreyttum kennsluháttum svo að nemendur fái kennslu við hæfi þannig að ólík reynsla og gildismat fái notið sín.

Árlega er farið yfir hóplista og reiknuð út kynjahlutföll nemenda í valgreinum í 8.-10. bekk. Markmiðið er að greina hlutföllin og beina athygli kynjanna að óhefðbundnum greinum.

Skoða þarf einkunnir að vori og greina eftir kynjum. Ef í ljós kemur verulegur munur á einkunnum nemenda eftir kyni þarf að grípa til sérstakra aðgerða með það fyrir augum að staða kynja verði sem jöfnust. Hér gæti t.d. komið til að breyta kennsluháttum, námsefni, samsetningu námshópa eða auka tímabundið við stuðning.

Mikilvægt er að fram fari faglegt og reglubundið mat á áhrifum jafnréttisáætlunar og jafnréttisstarfs í skólanum. Niðurstöður matsins eru kynntar reglulega fyrir nemendum, starfsfólki og forráðamönnum. Þær má einnig nálgast á heimasíðu skólans.

Til að jafnréttisáætlun skili árangri er nauðsynlegt að hafa skýra mælikvarða í tengslum við þau markmið sem koma fram í áætluninni. Í Grunnskóla Fjallabyggðar á sér reglulega stað innra mat á skólastarfinu, hvort sem um er að ræða starfsmannasamtöl, starfsmannakannanir eða kannanir meðal nemenda og foreldra.

### **Jafnréttisáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar byggir á:**

Jafnréttisáætlun Fjallabyggðar 2011

Fræðslustefnu Fjallabyggðar 2009

Lögum um grunnskóla nr. 91/2008

Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2008

Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011

Skólanámskrá Grunnskóla Fjallabyggðar

Heimasíðu Jafnréttisstofu; jafnretti.is. – um skólamál